

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Frá Drífu Hjartardóttur.

1. Hvað hafa bændur, smábátæigendur og vörubifreiðastjórar greitt til sérdeilda Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga árlega frá 1997, sundurgreint eftir árum og deildum?
2. Hvað hafa sömu aðilar fengið í atvinnuleysisbætur frá 1997, sundurgreint eftir árum og deildum?
3. Hvaða önnur útgjöld hafa þessar deildir, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 525/1998?
4. Hversu mikil er uppsöfnuð innstæða þessara deilda?
5. Sér ráðherra ástæðu til að breyta reglum um atvinnuleysistryggingar þessara hópa að fenginni reynslu?

Skriflegt svar óskast.